



461.fundur Þingvallanefndar  
13. nóvember 2019  
Skrifstofa Þingvallanefndar  
Austurstræti 12. klukkan 11.30.

Mættir: Ari Trausti Guðmundsson, Vilhjálmur Árnason, Líneik Anna Sævarsdóttir, Páll Magnússon, Guðmundur Andri Thorsson, Hanna Katrín Friðriksson boðar forföll og Karl Gauti Hjaltason mætir í lok fundar.

Auk þeirra sat fundinn Einar Á. E. Sæmundsen og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestur: Hildur Hafsteinsdóttir fjármálastjóri.

Formaður setur fund.

**1. Ársreikningur 2018 og útkomuspá 2019**

Þjóðgarðsvörður og fjármálastjóri kynna ársreikning 2018 og gera grein fyrir útkomuspá 2019. Farið yfir rekstraráætlanagerð 2020 sem er í vinnslu.

**2. Sumarbústaðamál**

Þingvallanefnd samþykkir að falla frá forkaupsrétti og heimila framsal lóðaleiguréttinda á Efristíg 16.

Þingvallanefnd samþykkir að falla frá forkaupsrétti og heimila framsal lóðaleiguréttinda á Víkurveg 5.

**3. Heimsminjaskrá – staða svara.**

Þjóðgarðsvörður gerir grein fyrir svörum til heimsminjaskrifstofu. Stefnt er að því að hafa svörin tilbúin í byrjun desember. Þjóðgarðsvörður sagði frá ráðstefnu sem haldin var í lok október í Reykjavík og á Þingvöllum í samstarfi við heimsminjaskrifstofuna í París og Menntamálaráðuneytið og fjallaði um stöðu heimsminja á heimsskautasvæðum. Lagt fram bréf frá Hjörleifi Guttormssyni vegna heimsminjaskrár og Silfru. Samþykkt að formaður svari bréfinu.

**Önnur mál.**

Þingvallakirkja – verklag og reglur.

Lögð fram tillaga að umgengnisreglum í Þingvallakirkju sem var samþykkt.

Þjóðgarðsvörður fór yfir verklag starfsmanna þjóðgarðsins við athafnir í kirkjunni. Fram til þessa atviks hafa ekki verið formfastar reglur um umgengni í Þingvallakirkju og verklag þjóðgarðsins eingöngu falist í að gera kirkjuna tilbúna fyrir athöfn, þrifa hana, opna og taka á móti presti.

Starfsmenn þjóðgarðsins hafa ekki verið inni í kirkju á meðan athöfn stendur. Starfsmaður er fyrir utan kirkju til að stýra umferð ferðamanna en oft er mjög mikill ágangur þeirra við kirkju á meðan athöfn stendur. Reynt er að fara inn í kirkju og legið á gluggum. Þegar umrætt atvik var fylgdi starfsmaður þjóðgarðsins þessu verklagi í einu og öllu og var ekki inni í kirkju og bar því ekki

ábyrgð á þessu atviki að nokkru leyti. Eftirliti með nýjum umgengnisreglum verður bætt inn í verklag starfsmanna sem verða við Þingvallakirkju eftirleiðis.

Alþjóðleg hönnunarverðlaun Red Dot verðlaun fyrir sýningu í gestastofu á Haki. Þjóðgarðsvörður sagði frá verðlaunum sem margmiðlunarfyrtækið Gagarín fékk fyrir nýja sýningu þjóðgarðsins í gestastofu á Haki. Verðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í Berlín 1. nóvember síðastliðinn.

Fundi slitið.